

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (KaJúl, KPJ, Herðþ, GÁ, REÁ, BjörkG, KVM).

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað tölunnar „7“ í 1. efnismgr. komi: 10.
  - b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
  - c. Við bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Takmarkanir á varanlegu framsali opinberra aðila á eignarrétti á vatni.*
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Inngangsmálgreinin orðist svo:  
Í stað 3. og 4. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi:
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „að lágmarki að  $\frac{2}{3}$  hlutum í eigu“ komi: í meirihlutaeygu.
5. Við 5. gr.
  - a. Í stað orðanna „með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr.“ í 1. efnismásl. a-liðar komi: þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðum veitunnar eru 10.000 eða fleiri.
  - b. Í stað orðanna „að lágmarki að  $\frac{2}{3}$  hlutum í eigu“ í b-lið komi: í meirihlutaeygu.
6. Við 6. gr. Greinin falli brott.
7. Við 8. gr. Við 3. efnismgr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
8. Við 11. gr. 1. efnismásl. orðist svo: Hitaveitu sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi, sbr. þó 1. mgr. 14. gr. raforkulaga.
9. Við 12. gr. Efnismálgreinin orðist svo:  
Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal ávallt vera í meirihlutaeygu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.
10. Við 13. gr.
  - a. Í stað tölunnar „7“ í 1. efnismgr. komi: 10.
  - b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
11. Við 14. gr. 2. másl. orðist svo: Ákvæði 2. gr., a-liðar 4. gr., 5. gr. og 9. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 2009.
12. Við ákvæði til bráðabirgða III.
  - a. Í stað 2. másl. komi tveir nýir málslíðir er orðist svo: Nefndin skal í störfum sínum fjalla um leigugjald, leigutíma, endurnýjun leigusamninga og önnur atriði er lúta að

- réttindum og skyldum aðila. Þá skal nefndin meta hvaða aðgerða sé þörf til að tryggja í senn sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlindanna.
- b. Í stað dagsetningarinnar „1. mars 2009“ í 5. málsl. komi: 1. júní 2009.